

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. júní 1990

um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum

(90/426/EBE)

RÁÐ EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hófdýr, sem dýr á fæti, eru talin upp í vöruskránni í II. viðauka við sáttmálann.

Til að tryggja skynsamlega þróun í framleiðslu hófdýra og auka framleiðni á því sviði ber að setja bandalagsreglur um flutninga hófdýra milli aðildarríkjanna.

Ræktun hófdýra og eldi, einkum hesta, heyrir að öllu jöfnu undir landbúnað. Hér er um að ræða tekjulind fyrir hluta þeirra sem stunda landbúnað.

Eyða ber misræmi í dýraheilbrigðisákvæðum milli aðildarríkjanna svo efla megi viðskipti með hófdýr innan bandalagsins.

Til að efla samræmda þróun í viðskiptum innan bandalagsins ber að koma á bandalagskerfi vegna innflutnings frá þriðju löndum.

Einnig ber að setja reglur um flutninga hófdýra innanlands sem auðkenningarskjöl fylgja.

Til að unnt sé að stunda viðskipti með hófdýr verða þau að fullnægja tilteknum kröfum um dýraheilbrigði svo komast megi hjá útbreiðslu smitsjúkdóma. Einkum virðist hagkvæmt að kveða á um hugsanlegar svæðisbundnar takmarkanir.

Af sömu ástæðum ber að setja flutningsskilyrði.

Til að tryggja að þessum kröfum sé fullnægt verður að kveða á um útgáfu heilbrigðisvottorðs sem opinber dýralæknir

gefur út og skal það fylgja dýrunum til viðtökustaðar.

Ákveða ber skipulagningu og framkvæmd eftirlits af hálfu viðtökuaðildarríkisins og fyrirhugaðar verndarástafanir með hliðsjón af reglum sem settar verða um dýraheilbrigðis-eftirlit í viðskiptum með dýr á fæti innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á.

Gera skal ráð fyrir hugsanlegu eftirliti af hálfu framkvæmdastjórnarinnar. Þetta eftirlit skal fara fram í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld.

Þegar bandalagsákvæði eru sett um innflutning frá þriðju löndum verður að gera skrá yfir þriðju lönd, eða landshluta þeirra, sem heimilt er að flytja inn hófdýr frá.

Löndin skulu valin á grundvelli almennra viðmiðana, eins og heilbrigðisástandi búpeningsins, uppbyggingu og valdsviði dýraheilbrigðisþjónustunnar og gildandi heilbrigðis-lögum.

Þá skal óheimilt að flytja inn hófdýr frá löndum þar sem fyrir eru smitandi dýrasjúkdómar er kunna að stofna búpeningi bandalagsins í hættu, eða frá löndum sem hafa verið laus við smitandi dýrasjúkdóma í of skamman tíma. Þetta gildir einnig um innflutning frá þriðju löndum þar sem dýr eru bólusett gegn slíkum sjúkdómum.

Við almennu skilmálana um innflutning frá þriðju löndum skal bæta sérstökum skilyrðum sem sett eru á grundvelli heilbrigðisaðstæðna í hverju landi. Vegna þess hve viðmiðanirnar sem leggja skal til grundvallar þessum sérstöku skilyrðum eru tæknilegar og margbreytilegar verður að koma á sveigjanlegri og skjótri málsmeðferð innan bandalagsins sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa nána samvinnu um.

Árangursrík leið til að ganga úr skugga um að reglum bandalagsins sé beitt felst í framvísun vottorðs, að staðlaðri fyrirmynd, við innflutning á hófdýrum. Þessar reglur mega taka til sérákvæða sem geta verið mismunandi eftir því hvaða þriðja land á í hlut og skal taka mið af þessu við gerð fyrirmyndanna að vottorðunum.

Opinber dýralæknir bandalagsins skal hafa eftirlit með því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar, einkum í þriðju löndum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 327, 30. 12. 1989, bls. 61.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 149, 18. 6. 1990.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 62, 12. 3. 1990, bls. 46.

Eftirlit með innflutningi verður að taka til uppruna hófdýra og heilbrigðisástands þeirra.

Þegar farið er með hófdýr á yfirráðasvæði bandalagsins og í umflutningi til viðtökustaðar skal aðildarríkjunum heimilt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, meðal annars slátra dýrunum eða farga, til að vernda heilbrigði manna og dýra.

Almennu reglurnar um eftirlit með innflutningi skal skilgreina í víðu samhengi.

Aðildarríkin skulu eiga rétt á að setja tafarlaust bann á innflutning frá þriðja landi ef slíkur innflutningur kann að stofna heilbrigði dýra í hættu. Ef svo er skulu aðildarríkin samræma afstöðu sína þegar í stað gagnvart þriðja landinu, með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á skránni yfir þau lönd sem hafa útflutningsleyfi til bandalagsins.

Endurskoða skal ákvæði þessarar tilskipunar í tengslum við tilkomu hins innri markaðar.

Ákveða ber málsmeðferð sem felur í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Í þessari tilskipun eru sett skilyrði um dýraheilbrigði vegna flutninga hófdýra á fæti milli aðildarríkjanna og innflutnings frá þriðju löndum.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „bújörð“: landbúnaðarbyli eða þjálfunarstöð, hesthús eða hvert það athafnasvæði eða aðstaða þar sem hófdýr eru vanalega haldin eða alin, óháð því til hvers þau eru notuð;
- „hófdýr“: villt dýr, eða húsdýr af hesta- (þar á meðal sebra-) eða asnakyni eða afkvæmi kynblöndunar þessara tegunda;
- „skráð hófdýr“: skráð hófdýr, samaber tilskipun 90/427/EBE ⁽¹⁾, sem kennsl eru borin á með hjálp auðkenningarskjals sem ræktunaryfirvald gefur út, eða annað lögbært yfirvald í upprunalandi dýrsins, sem heldur ættbók eða skrá yfir þetta dýrakyn, eða alþjóða-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 55.

samtök eða stofnun sem hafa umsjón með keppnis- eða veðhlaupahestum;

- „hófdýr til slátrunar“: hófdýr sem taka á beint eða með viðkomu á viðurkenndum markaði eða söfnunarstað til sláturhúss þar sem því er slátrað;
- „hófdýr til ræktunar og framleiðslu“: önnur hófdýr en þau sem um getur í c- og d-lið;
- „aðildarríki eða þriðja land sem er laust við Afríkuhrossapest“: aðildarríki eða þriðja land þar sem engin klínísk, sermifræðileg (í óbólusettum hófdýrum) eða faraldursfræðileg einkenni Afríkuhrossapestar hafa fundist á viðkomandi yfirráðasvæði næstliðin tvö ár og þar sem ekki hefur verið bólusett gegn pestinni á undanföllum 12 mánuðum;
- „tilkynningarskyldir sjúkdómar“: sjúkdómar sem taldir eru upp í viðauka A;
- „opinber dýralæknir“: dýralæknir sem er tilnefndur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkis eða þriðja lands;
- „tímabundinn aðflutningur“: ástandsviðurkenning fyrir skráð hófdýr frá þriðja landi sem heimilt er að fara með inn á yfirráðasvæði bandalagsins í ekki lengri tíma en 90 daga, ákveðin af framkvæmdastjórninni í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr. á grundvelli heilbrigðis- aðstæðna í upprunalandinu.

II. KAFLI

Reglur um flutning á hófdýrum

3. gr.

Aðildarríkin skulu eingöngu heimila flutning á hófdýrum sem eru skráð á þeirra yfirráðasvæði eða senda hófdýr til annarra ríkja ef þau uppfylla skilyrðin í 4. og 5. gr.

Lögbærum yfirvöldum í viðtökuaðildarríkjunum er þó heimilt að veita almenna eða takmarkaða undanþágu vegna flutning á hófdýrum sem:

- riðið er, eða farið er með vegna íþróttar eða í skemmtunarskyni eftir vegum nálægt innri landamærum bandalagsins,
- eiga að taka þátt í menningarviðburðum, sambærilegum viðburðum eða í starfsemi sem er skipulögð af staðaryfirvöldum nálægt innri landamærum bandalagsins,
- eingöngu á að beita tímabundið eða nota til vinnu nálægt innri landamærum bandalagsins.

Aðildarríki sem nýta sér þessa heimild skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um efni veittra undanþágna.

4. gr.

1. Hófdýrin mega ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni við skoðun. Skoðun skal fara fram á síðustu 48 klukkustundunum fyrir útskipun eða fermingu. Að því er skráð hófdýr varðar skal þó einungis krefjast þessarar skoðunar, með fyrirvara um 6. gr., í viðskiptum innan bandalagsins.

2. Með fyrirvara um kröfurnar í 5. mgr. varðandi tilkynningarskylda sjúkdóma skal opinber dýralæknir fullvissa sig um við skoðun að ekkert — meðal annars á grundvelli yfirlýsingar eiganda eða ræktanda — bendi til þess að hófdýrin hafi verið í snertingu við sýkt hófdýr eða hófdýr haldin smitsjúkdómi síðustu 15 daga fyrir skoðun.

3. Hófdýrin skulu ekki ætluð til slátrunar samkvæmt landsáætlun um útrýmingu smitsjúkdóma.

4. Bera skal kennsl á hófdýrin á eftirfarandi hátt:

i) þegar um er að ræða skráða hesta, með hjálp auðkenningskjalsins sem kveðið er á um í tilskipun 90/427/EBE ⁽¹⁾, þar sem meðal annars er staðfest að farið hafi verið að 5. og 6. mgr. 5. gr. Opinber dýralæknir skal fella þetta skjal úr gildi á bann tímabilinu sem kveðið er á um í 5. mgr. eða 5. gr. Þegar skráðum hesti hefur verið slátrað skal endursenda skjalið til þess yfirvalds sem gaf það út. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þær aðferðir sem notaðar verða við framkvæmd þessa liðar í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.;

ii) fyrir hófdýr til ræktunar og framleiðslu, með auðkenningsaðferð sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.

Þar til þessari aðferð verður beitt, gilda opinberlega viðurkenndar innlendar auðkenningsaðferðir, að því tilskildu að framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum sé tilkynnt um þær þremur mánuðum áður en þessi tilskipun verður samþykkt.

5. Auk þeirra krafna sem mælt er fyrir um í 5. gr. mega hófdýrin ekki koma frá bújörð sem bann af því tagi sem hér segir tekur til:

a) hafi öllum dýrum af tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdóminum á bújörðinni ekki verið slátrað skal bannað fyrir bújörðina sem dýrin koma frá gilda að minnsta kosti:

— í sex mánuði, þegar um er að ræða hófdýr sem grunur leikur á að séu haldin dýrin, frá þeim degi þegar þau komust síðast í snertingu við, eða hugs-

anlegt er að þau hafi komist í snertingu við sjúkt dýr. Þegar um stóðhest er að ræða gildir bannið þar til dýrið er gelt,

— í sex mánuði, þegar um er að ræða sníf eða heila- og mænubólgu í hrossum, frá þeim degi þegar hófdýrunum sem haldin eru viðkomandi sjúkdómi er slátrað,

— þegar um er að ræða smitandi blóðleysi, fram að þeim degi þegar dýrin sem eftir eru, að lokinni slátrun á sýktum dýrum, sýna neikvæða svörun við tveimur Coggins-prófum sem gerð eru með þriggja mánaða millibili,

— í sex mánuði, þegar um er að ræða munnblöðrubólgu,

— í einn mánuð frá síðasta skráða tilviki, þegar um er að ræða hundaæði,

— í 15 daga frá síðasta skráða tilviki, þegar um er að ræða miltisbrand;

b) hafi öllum dýrum af tegundum sem næmar eru fyrir sjúkdóminum á bújörðinni verið slátrað og athafnasvæði sóttþreinsuð, skal bannið gilda í 30 daga, frá þeim degi að telja þegar dýrunum var fargað og athafnasvæði sóttþreinsuð, nema þegar um er að ræða miltisbrand, þá er bann tíminn 15 dagar.

Lögbærum yfirvöldum er heimilt að undanþiggja skeiðvelli og veðhlaupabrautir þessum bannákvæðum og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um eðli veittra undanþágna.

6. Aðildarríki sem hefur gert eða gerir lögboðna eða valfrjálsa innlenda eftirlitsáætlun vegna smitsjúkdóms sem hófdýr eru næm fyrir er heimilt að leggja áætlunin fyrir framkvæmdastjórnina og tilgreina einkum:

— útbreiðslu sjúkdómsins á yfirráðasvæði sínu,

— rök fyrir áætluninni þar sem tekið er tillit til umfangs sjúkdómsins og áætlaðs ávinnings af henni í samamburði við kostnað,

— landsvæðið þar sem áætlunin kemur til framkvæmda,

— hvernig eigi að flokka starfsstöðvar eftir ástandi, og hvaða staðla verði að uppfylla fyrir hverja tegund og prófunaraðferðir sem notaðar verða,

— hvers konar eftirlit er haft með áætluninni,

— afleiðingar sem fylgja því ef bújörð missir ástandsviðurkenningu, án tillits til ástæðna,

— til hvaða aðgerða skuli gripið verði niðurstöður prófa sem gera á í samræmi við ákvæði áætlunarinnar jákvæðar,

— óhlutdrægt eðli viðskipta á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis með hliðsjón af viðskiptum innan bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal rannsaka þær áætlanir sem aðildarríkin leggja fyrir hana. Ef við á skal hún samþykkja þær í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má vegna viðskipta innan

(¹) Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 55.

bandalagsins, er heimilt að skilgreina í samræmi við sömu málsmeðferð. Slíkar ábyrgðir mega ekki vera víðtækari en þær sem aðildarríkið krefst á eigin yfirláðasvæði.

Breyta má eða bæta við áætlanir sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er heimilt að samþykkja breytingar eða viðbætur við áætlanir sem þegar hafa hlotið samþykki eða við ábyrgðir sem hafa verið skilgreindar í samræmi við aðra undirgrein.

5. gr.

1. Aðildarríki sem er ekki laust við Afríkuhrossapest í skilningi f-liðar 2. gr. er aðeins heimilt að senda hófdýr frá þeim landshluta sínum, sem talinn er sýktur í skilningi 2. mgr. þessarar greinar, samkvæmt skilyrðunum 3. mgr. þessarar greinar.

2. a) Landshluti aðildarríkis er talinn sýktur af Afríkuhrossapest ef:

- klínísk, sermifræðileg (í óbólusettum hófdýrum) eða faraldursfræðileg einkenni um Afríkuhrossapest hafa komið fram á viðkomandi svæði næstliðin tvö ár,
- bólusett hefur verið gegn pestinni í undanfarna tólf mánuði.

b) Landshlutinn sem talinn er sýktur af Afríkuhrossapest skal vera að minnsta kosti:

- verndarsvæði með minnst 100 km radíusi út frá hverju sýktu svæði,
- eftirlitssvæði sem nær að minnsta kosti 50 km út fyrir verndarsvæðið og þar sem ekki hefur verið bólusett gegn pestinni í tólf mánuði.

c) Svæðin sem um getur í b-lið skulu skýrt afmörkuð með hliðsjón af landfræðilegum, vistfræðilegum og dýrafaraldursfræðilegum þáttum sem tengjast þessari dýrafarsótt.

d) Öll bólusett hófdýr á verndarsvæðinu skal skrá og auðkenna við bólusetningu, með skýru óafmáanlegu merki, sem unnt er að bera kennsl á, í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.

Í auðkenningarskjalinu og/eða heilbrigðisvottorðinu skal vera skýr tilvísun til slíkrar bólusetningar.

e) Lögbært stjórnvald skal bera ábyrgð á að haft sé virkt dýraeftirlit með hófdýrum og flutningum þeirra innan svæðanna sem um getur í b-lið. Einungis þau hófdýr sem uppfylla kröfurnar í 3. mgr. er heimilt að flytja út af svæðunum í b-lið.

3. Aðildarríki er eingöngu heimilt að senda hófdýr frá svæðinu sem um getur í b-lið 2. mgr. að eftirfarandi kröfum uppfylltum:

- a) þau skulu aðeins send á vissum árstímum, með hliðsjón af virkni smitberandi skordýra, sem ákvarðaðir verða í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr.;
- b) þau mega ekki sýna nein klínísk einkenni um Afríkuhrossapest á skoðunardeginum sem um getur í 1. mgr. 4. gr.;
- c) hafi þau ekki verið bólusett gegn Afríkuhrossapest verða þau að sýna neikvæða svörun við magnaðarbindingarprófi vegna Afríkuhrossapestar, eins og lýst er í viðauka D, og skal prófið gert tvisvar sinnum með 21 til 30 daga millibili og skal síðara prófið gert á síðustu tíu dögum fyrir sendingu,

— hafi þau verið bólusett, mega þau ekki hafa verið bólusett næstliðna tvo mánuði og skal gera á þeim bindingsprófið sem lýst er í viðauka D, með því millibili sem hér að framan segir, án þess að í ljós komi aukning við mótefnatalningu. Samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt, að fengnu álitni vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði, að viðurkenna aðrar eftirlitsaðferðir;

- d) þau skulu hafa verið í sóttkví í að minnsta kosti 40 daga fyrir sendingu;
- e) þau skulu hafa verið vernduð gegn smitberandi skordýrum í sóttkvínni og á leiðinni frá sóttkvínni til sendingarstaðar.

4. Tímabundið og þar til ráðstafanir bandalagsins um samræmdar eftirlitsreglur og aðgerðir til að ráða niðurlögum Afríkuhrossapestar koma til framkvæmda, og sem ráðið samþykkir fyrir 1. júlí 1991 með auknum meirihluta að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, skal framkvæmdastjórnin í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr. takmarka sýkta svæðið í samræmi við b-lið 1. mgr. fyrir 1. nóvember 1990.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr. að breyta ákvörðuninni sem tekin er í samræmi við 4. mgr. í ljósi faraldursfræðilegra aðstæðna.

6. Ráðið skal með auknum meirihluta, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, á grundvelli skýrslu um fengna reynslu, endurskoða þessa grein, ef þörf krefur, innan tveggja ára.

6. gr.

Aðildarríki sem koma á öðru eftirlitskerfi sem veitir ábyrgðir sambærilegar þeim sem kveðið er á um í 5. mgr. 4. gr., að því er varðar flutninga innan yfirláðasvæðis þeirra á hófdýrum og skráðum hófdýrum, einkum á grundvelli auð-

kenningarskjala, mega veita hvert öðru gagnkvæmar undanþágur frá ákvæðum annars málsliðar 1. mgr. 4. gr. og annars undirliðar 1. mgr. 8. gr.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.

7. gr.

1. Hófdýrin skulu flutt eins fljótt og hægt er frá upp-runabújörðinni annaðhvort beint eða með viðkomu á viður-kenndum markaði eða söfnunarstað, samanber 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 64/432/EBE, til viðtökustaðarins í ökutækjum eða gámum sem eru hreinsaðir reglulega og sótthreinsaðir eins oft og sendingarríkið kveður á um. Ökutækin skulu hönnuð á þann hátt að hrossaskítur, hálmur eða fóður geti ekki borist frá ökutækinu í flutningi. Flutningur skal fara fram á þann hátt að heilbrigði dýranna sé í raun tryggt og hugað að vellíðan þeirra.

2. Viðtökuaðildarríkinu er heimilt, almennt eða á takmarkaðan hátt, að veita undanþágu frá sumum kröfunum í 5. mgr. 4. gr. vegna dýra sem eru með sérstakt heilbrigðis-merki sem sýnir að þeim eigi að slátra, að því tilskildu að vikið sé að slíkri undanþágu í heilbrigðisvottorðinu.

Þegar slík undanþága er veitt skal flytja sláturdýrið beint í tilgreint sláturhús og slátra því innan fimm daga frá komu þangað.

3. Opinber dýralæknir skal skrá auðkennisnúmer eða númer auðkenningarskjals sem fylgir sláturdýrinu og senda staðfestingu á að dýrinu hafi verið slátrað til lögbærs yfirvalds á sendingarstaðnum, að beiðni þess.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að:

- skráðum hófdýrum sem flutt eru frá bújörðum fylgi auðkenningarskjalið sem mælt er fyrir 4. mgr. 4. gr., ásamt staðfestingunni sem kveðið er á um viðauka B ef þau eru ætluð til viðskipta innan bandalagsins,
- hófdýrum til ræktunar, framleiðslu eða slátrunar fylgi í flutningi heilbrigðisvottorð sem er í samræmi við viðauka C við þessa tilskipun.

Vottorðið eða, þegar um er að ræða auðkenningarskjal, eyðublaðið með heilbrigðisupplýsingunum skal, með fyrirvara um 6. gr., gert á síðustu 48 klukkustundunum fyrir

fermingu eða annars eigi síðar en síðasta virkan dag áður, á að minnsta kosti einu af opinberum tungumálum sendingar- og viðtökuaðildarríkisins. Gildistími vottorðsins er tíu dagar. Vottorðið skal vera ein pappírsörk.

2. Eitt heilbrigðisvottorð fyrir alla sendinguna má fylgja í innflutningi á öðrum hófdýrum en skráðum hófdýrum í staðinn fyrir heilbrigðisvottorðið fyrir hvert dýr, samanber annan undirlið 1. mgr.

9. gr.

Ráðið skal samþykkja eftirlitsreglur og verndarráðstafanir sem gilda skulu um viðskipti með hófdýr innan bandalagsins með hliðsjón af ákvörðun sinni um dýraheilbrigðiseftirlit sem viðhafa skal í viðskiptum innan bandalagsins með dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á.

10. gr.

Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna einsleitrar beitingar þessarar tilskipunar og í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld geta dýraheilbrigðisráðgjafar framkvæmdastjórnarinnar framkvæmt vettvangseftirlit. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður slíks eftirlits.

Aðildarríki þar sem eftirlit fer fram skal veita sérfræðingunum alla þá aðstoð sem nauðsynleg er til að þeir geti unnið verk sitt.

Samþykkja skal almennar ráðstafanir um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.

III. KAFLI

Reglur um innflutning frá þriðju löndum

11. gr.

1. Hófdýr sem flutt eru inn til bandalagsins skulu uppfylla skilyrði 12. til 16. gr.

2. Þar til ákvarðanirnar sem samþykktar eru samkvæmt 12. til 16. gr. verða samþykktar skulu aðildarríkin beita ákvæðum um innflutning frá þriðju löndum sem eru að minnsta kosti jafngild þeim sem af beitingu II. kafla leiðir.

12. gr.

1. Svo flytja megi inn hófdýr verða þau að koma frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem er að finna í skrá í sérdálki sem bæta skal við skrána sem gerð er í samræmi við 3. gr. tilskipunar 72/426/EBE.

2. Aðferðir og viðmiðanir fyrir undirbúning, breytingu og birtingu á skránni yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 72/462/EBE skulu notaðar fyrir skrána sem gildir um innflutning á hófdýrum.

13. gr.

1. Hófdýrin skulu koma frá þriðju löndum sem:

- a) eru laus við Afríkuhrossapest;
- b) hafa í tvö ár verið laus við Venesúela- heila- og mænu-bólgu (VEE) í hrossum;
- c) hafa verið laus við dúrín og sníf í sex mánuði.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.:

- a) að kveða á um að ákvæði 1. mgr. gildi aðeins um hluta yfirráðasvæðis þriðja lands.

Ef kröfurnar um Afríkuhrossapest gilda um einstök svæði skal að minnsta kosti fara að kröfunum í 2. og 3. mgr. 5. gr.;

- b) að krefjast viðbótarbygða vegna sjúkdóma sem eru framandi í bandalaginu.

14. gr.

Áður en hófdýrin eru afhent til sendingar til viðtökuaðildarríkisins skal þeim haldið á yfirráðasvæði, eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands ellegar, þegar um er að ræða svæðaskiptingu á yfirráðasvæðinu, á hluta yfirráðasvæðisins sem skilgreint er samkvæmt a-lið 2. mgr. 13. gr., samfleytt eins lengi og tilgreint verður í ákvörðununum sem samþykktar verða samkvæmt 15. gr.

Þau skulu vera frá bújörð sem er undir dýraheilbrigðiseftirliti.

15. gr.

Innflutningur á hófdýrum frá yfirráðasvæði þriðja lands eða hluta þess, eins og skilgreint er í samræmi við a-lið 2. mgr. 13. gr. í skránni sem gerð er í samræmi við 1. mgr. 12. gr., skal aðeins heimilaður ef þau, fyrir utan kröfurnar í 13. gr.:

- a) uppfylla samþykktar kröfur um dýraheilbrigði, með tilvísun til þeirra tegunda er um ræðir og flokka hófdýra í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr. vegna innflutnings á hófdýrum frá því landi.

Viðmiðanirnar við ákvörðun á skilyrðum á sviði dýraheilbrigðis í samræmi við 1. mgr. skulu vera staðlarnir sem settir eru í 4. og 5. gr.; og

- b) þegar um er að ræða þriðju lönd sem ekki hafa verið laus við munnblöðrubólgu eða veiruslagæðarbólgu í að minnsta kosti sex mánuði, skulu hófdýrin uppfylla eftirfarandi kröfur:

- i) þau skulu koma frá bújörð sem hefur verið laus við munnblöðrubólgu í að minnsta kosti sex mánuði og þau skulu hafa sýnt neikvæða svörun við sermiprófi fyrir sendingu;

- ii) þegar um er að ræða veiruslagæðarbólgu skulu karlkynshófdýr, þrátt fyrir ii-lið 19. gr., hafa sýnt neikvæða svörun við sermiprófi eða veirueinangrunarprófi eða öðru prófi viðurkenndu í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr. sem sýnir að dýrið er ekki smitað af þessari veiru.

Í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr. og að fengnu álitni vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði er framkvæmdastjórninni heimilt að skilgreina flokka karlkynshófdýra sem þessi krafa gildir um.

16. gr.

1. Hófdýrin skulu auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr. og þeim skal fylgja vottorð sem opinber dýralæknir í þriðja útflutningslandinu gerir. Þetta vottorð skal:

- a) gefið út daginn sem dýrin eru afhent til sendingar til viðtökuaðildarríkis eða þegar um skráð hófdýr er að ræði síðasta virkan dag fyrir afhendingu;

- b) gert á að minnsta kosti einu af opinberum tungumálum viðtökuaðildarríkisins og aðildarríkisins þar sem innflutningsskoðun fer fram;

- c) fylgja dýrunum í frumriti;

- d) staðfesta að dýrin uppfylli kröfur þessarar tilskipunar og þær sem settar eru samkvæmt þessari tilskipun að því er varðar innflutning frá þriðju löndum;

- e) vera ein pappírsörk;

- f) vera gert fyrir einn viðtakanda eða þegar um er að ræða sláturdýr, fyrir vörusendingu, að því tilskildu að dýrin séu merkt og auðkennd á fullnægjandi hátt.

Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórnina vita ef þau nýta sér þennan kost.

2. Vottorðið skal gert á eyðublað sem er í samræmi við fyrirmynd sem ákveðin er í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.

17. gr.

Dýraheilbrigðisérfræðingar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar skulu kanna með vettvangseftirliti hvort ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum 2. mgr. 12. gr., sé fylgt í reynd.

Leiði eftirlit sem framkvæmt er samkvæmt skilmálum þessarar greinar í ljós að um alvarlega vanrækslu er að ræða á viðurkenndri bújörð skal framkvæmdastjórnin tilkynna það aðildarríkjunum tafarlaust og samþykka þegar í stað ákvörðun um tímabundna niðurfellingu á viðurkenningu. Lokaákvörðun skal tekin í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr.

Sérfræðingar aðildarríkjanna sem falið er að annast þetta eftirlit skulu tilnefndir af framkvæmdastjórninni að fenginni tillögu frá aðildarríkjunum.

Eftirlitið fer fram á vegum bandalagsins sem ber allan kostnað af því.

Hversu oft þetta eftirlit er framkvæmt og aðferðirnar við það skal ákvarða í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.

18. gr.

1. Við komu til viðtöku aðildarríkisins skal strax fara með sláturdýrin í sláturhús, annaðhvort beint eða með viðkomu á markaði eða söfnunarstað, og sláttra í samræmi við dýraheilbrigðiskröfur innan þess tíma sem tilgreindur verður í ákvörðunum sem samþykktar verða samkvæmt 15. gr.

2. Með fyrirvara um sérstök skilyrði sem heimilt er að samþykka í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr. er lögþæru yfirvaldi í viðtöku aðildarríkisins heimilt, af ástæðum er varða dýraheilbrigði, að tilnefna sláturhús sem flytja á þessi hófdýr í.

19. gr.

Framkvæmdastjórnin getur í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr.:

- i) ákveðið að innflutningur frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sé takmarkaður við tilteknar tegundir eða flokka;
- ii) sett, þrátt fyrir 15. gr., sérstök skilyrði um tímabundinn aðflutning til yfirráðasvæðis bandalagsins á skráðum hófdýrum eða hófdýrum sem ætluð eru til sérstakrar nota eða að þau séu flutt aftur inn á yfirráðasvæði bandalagsins eftir að hafa verið tímabundið flutt út;
- iii) ákveðið skilyrði um að breyta tímabundnum aðflutningi í endanlegan innflutning.

20. gr.

1. Ráðið skal, eigi síðar en 31. desember 1990, ákveða almennu aðferðirnar sem gilda skulu við eftirlit í þriðju löndum eða við eftirlit með innfluttum hófdýrum frá þriðju löndum.

Þar til ákvarðanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein koma til framkvæmda gilda innlendir reglur áfram í samræmi við almennu reglurnar í sáttmálanum.

2. Óheimilt er að flytja inn hófdýr ef við innflutningseftirlitið sem um ræðir í 1. mgr. kemur í ljós:

- að hófdýrin koma ekki frá yfirráðasvæði þriðja lands eða hluta þess eins og skilgreint er í samræmi við a-lið 2. mgr. 13. gr. og er í skranni sem gerð er í samræmi við 1. mgr. 12. gr.,
- að hófdýrin eru sýkt, eða grunur leikur á að séu sýkt eða haldin smitandi sjúkdómi,
- að þriðja landið sem flytur út hefur ekki farið að skilyrðunum sem sett eru í þessari tilskipun,
- að vottorðið sem fylgir dýrunum er ekki í samræmi við skilyrðin í 17. gr.,
- að hófdýrin hafa verið meðhöndluð með efnum sem eru bönnuð samkvæmt reglum bandalagsins.

3. Með fyrirvara um sérstök skilyrði sem heimilt er að samþykka í samræmi við málsmeðferðina í 24. gr., er lögþæru yfirvaldi í viðtöku aðildarríkisins heimilt, af ástæðum er varða dýraheilbrigði, eða þegar ákveðið er að endursenda ekki þau dýr sem innflutningsleyfi hefur ekki fengist fyrir samkvæmt 1. mgr., að tilnefna sláturhús þar sem tekið er á móti þessum hófdýrum.

21. gr.

1. Komi upp smitsjúkdómur, eða breiðist út, í þriðja landi sem getur stofnað heilbrigði búpenings í hættu í einu aðildarríkjanna eða ef aðrar ástæður er varða dýraheilbrigði réttlæta það skal viðkomandi aðildarríki banna, með fyrirvara um 13. gr., innflutning á dýrategundum sem tilskipun þessi tekur til, sem beint eða óbeint koma gegnum annað aðildarríki, annaðhvort frá yfirráðasvæði þriðja lands eða hluta þess.

2. Tilkynna skal öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til samkvæmt 1. mgr. og um afturköllun á slíkum aðgerðum með upplýsingum um ástæður.

Fastanefndin um dýraheilbrigði skal koma saman eins fljótt og unnt er eftir að tilkynningin sem um getur í fyrstu undirgrein hefur borist og ákveða í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr. hvort breyta skuli þessum ráðstöfunum, einkum til að tryggja að þær séu samræmdar ráðstöfunum sem aðildarríkin samþykka, eða hvort hætt skuli við þær.

Komi upp þær aðstæður sem um getur í 1. mgr. og ef í ljós kemur að nauðsynlegt sé að önnur aðildarríki beiti einnig þeim ráðstöfunum sem gripið er til samkvæmt þeirri málsgrein, breyttum þar sem þörf er á í samræmi við undanfarandi undirgrein, skal samþykka viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr.

3. Heimild til að hefja aftur innflutning frá viðkomandi þriðja landi skal veitt samkvæmt sömu málsmeðferð.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

22. gr.

Endurskoða skal ákvæði þessarar tilskipunar, einkum ákvæði annars málsliðar 1. mgr. 4. gr. og ákvæði 6., 8. og 21. gr. fyrir 1. janúar 1993 með hliðsjón af tillögum um tilkomu hins innri markaðar sem ráðið tekur ákvörðun um með auknum meirihluta.

23. gr.

Breyta skal viðaukunum við þessa tilskipun í samræmi við málsmeðferðina í 25. gr.

24. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fasta- nefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽¹⁾ (hér eftir kölluð „nefndin“), annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitnið ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til þess skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

25. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum innan tveggja daga. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álitnið ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

26. gr.

Ákvæði 34. gr. tilskipunar 72/462/EBE gilda um kröfurnar í III. kafla þessarar tilskipunar.

27. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn- sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

28. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

M. O'KENNEDY

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 225, 18. 10. 1968, bls. 23.

VIÐAUKI A

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

Eftirtaldir sjúkdómar eru tilkynningarskyldir:

- dúrín
 - sníf
 - heila- og mænubólga (af öllum tegundum, þar á meðal VEE) í hrossum
 - smitandi blóðleysi
 - hundæði
 - miltisbrandur
 - Afríkuhrossapest
 - munnblöðrubólga
-

VIÐAUKI B

UPPLÝSINGAR UM HEILBRIGÐISÁSTAND^(a)

Ég, undirritaður, staðfesti^(b) að höfdýrin sem að framan getur uppfylla eftirfarandi kröfur:

- þau hafa í dag verið skoðuð og sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni;
- þeim á ekki að slátra samkvæmt innlendra áætlun um útrýmingu smitsjúkdóma eða sýkinga;
- þau koma ekki frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis í aðildarríki/þriðja landi þar sem takmarkanir gilda vegna Afríkuhrossapestar;
- þau koma ekki frá bújörð þar sem í gildi er bann af ástæðum er varða dýraheilbrigði, né heldur hafa þau komist í snertingu við höfdýr frá bújörð þar sem í gildi er bann af ástæðum er varða dýraheilbrigði, í þann tíma sem tilgreindur er í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE;
- að samkvæmt minni bestu vitund hafa þau ekki komist í snertingu við höfdýr sem eru sýkt eða haldin smitsjúkdómi á tímabilinu áður en þau voru sett um borð í flutningatæki sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.

Dagsetning	Staður	Stimpill og undirskrift opinbers dýralæknis ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Nafn með hástöfum og staða.

(a) Þessara upplýsinga er ekki krafist þar sem tvíhliða samningar gilda í samræmi við 6. gr.

(b) Gildir í 10 daga.

VIÐAUKI C

FYRIRMYND

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

vegna viðskipta milli aðildarríkja Evrópubandalagsins

HÓFDÝR

Nr.:

Sendingarland:

Ráðuneyti:

Deild:

I. Fjöldi hófdýra:

II. Auðkenni hófdýranna:

Fjöldi hófdýra ⁽¹⁾	Tegund hestur, asni, múldýr múlasi	Kynstofn Aldur Kyn	Auðkenningaraðferð og auðkenning ⁽²⁾

⁽¹⁾Þegar um sláturdýr er að ræða, tegund sérmerkis.⁽²⁾Auðkenningarskjal hófdýrsins má fylgja þessu vottorði að því tilskildu að í því sé númer dýrsins tilgreint.

III. Uppruni og viðtökustaður dýrs/dýra:

Dýrið/dýrin er/eru sent/send frá:

.....
(útlutningsstaður)til:
(aðildarríki og viðtökustaður)

Nafn og heimilisfang sendanda:

Nafn og heimilisfang viðtakanda:


IV. **Upplýsingar um heilbrigðisástand:** ^{a)}

Ég, undirritaður, staðfesti að dýrið/dýrin sem að framan getur uppfyllir/uppfylla eftirfarandi kröfur:

- 1) það/þau hefur/hafa í dag verið skoðuð og sýnir/sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni;
- 2) því/þeim á ekki að slátra samkvæmt áætlun um útrýmingu smitsjúkdóma eða sýkinga;
- 3) a) það/þau kemur/koma ekki frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis í aðildarríki/þriðja landi þar sem takmarkanir gilda um vegna Afríkuhrossapestar;
- b) það/þau var/voru bólusett gegn Afríkuhrossapest hinn^{b)});
- a) það/þau var/voru ekki bólusett gegn Afríkuhrossapest^{b)});
- 4) það/þau koma ekki frá bújörð þar sem í gildi er bann af ástæðum er varða dýraheilbrigði né heldur hefur það/hafa þau verið í snertingu við hófdýr frá bújörð þar sem í gildi er bann af ástæðum er varða dýraheilbrigði í þann tíma sem tilgreindur er í 6. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE;
- 5) að samkvæmt minni bestu vitund hefur/hafa það/þau ekki komist í snertingu við hófdýr sem eru sýkt eða haldin smitsjúkdómi á tímabilinu áður en þau voru skoðuð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

V. **Þetta vottorð gildir í tíu daga.**

Gjört í hinn



.....
(undirritun)
(nafn og staða dýralæknis með hástöfum)⁽¹⁾

^(a) Þessara upplýsinga er ekki krafist þar sem tvíhliða samningar gilda í samræmi við 6. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

^(b) Stríkið út það sem á ekki við.

⁽¹⁾ Í Þýskalandi: „Beamteter Tierarzt“; í Belgíu: „Inspecteur vétérinaire“ eða „Inspecteur Dierenarts“; í Frakklandi: „Vétérinaire officiel“; á Ítalíu: „Veterinario provinciale“; í Lúxemborg: „Inspecteur vétérinaire“; í Hollandi: „Officieel Dierenarts“; í Danmörku: „Autoriseret Dyrlæge“; á Írlandi: „Veterinary Inspector“; í Breska Konungsríkinu: „Veterinary Inspector“; í Grikklandi: „Επίσημος κτηνίατρος“; á Spáni: „Inspector Veterinario“; í Portúgal: „Inspector Veterinário“.

VIDAUKI D

AFRÍKUHROSSAPEST

GREINING

Magnaðarbindingarpróf

Mótefnavakinn er búinn til úr heila mánaðargamalla músa sem taugasæknum tegundarhóp veirunnar hefur verið sáð í. Þetta er hægt að gera með Bourdin-aðferðinni. Heilarnir eru frystir og síðan steyttir í Verónalstaðallausn með tfu heilum í hverja 12 ml lausn. Sviflausnin sem þannig fæst er sett í skilvindu í eina klukkustund við 10 000 snúninga á mínútu við 4°C. Mótefnavakinn er í flotinu. Æskilegt er að nota hann án frekari breytinga, en heimilt er að gera hann óvirkan með betapróþíólaktóni. Þegar það er gert óvirkt má bæta 0,1 ml af 3% betapróþíólaktónalausn í eimuðu vatni í hverja 0,9 ml af mótefnavaka og hrista blönduna í þrjár klukkustundir við stofuhita í dragskáp og í 18 klukkustundir við 4°C. Einnig er heimilt að nota Casals-aðferðina (Casals J. (1949): *Pro Soc Exptl Bici Med*, 70.339).

Ef ekkert alþjóðlegt staðlað sermi er fyrir hendi ber að títra mótefnavakann á móti jákvæðri samanburðarlausn sem er framleidd á staðnum.

Sermi skal hita í 30 mínútur við 60°C. Svo koma megi í veg fyrir andmögnuðaráhrif skal skilja sermið frá blóðinu eins fljótt og unnt er, einkum sermi úr ösnum. Jákvæð og neikvæð samanburðarsermilaun skal notuð í prófinu.

Heimilt er að nota annaðhvort stórsæja tækni eða smásæja í þessu prófi. Í báðum tilvikum er lokamark sýnt við 50% rauðkornarof.

Í eitt rúmmál af tvöfaldri sermilaun er bætt við einu rúmmáli af mótefnavaka svo sem kemur fram við títrun þannig að tvær einingar fáiast. Þessu skal blandað saman og látið standa í 15 mínútur við stofuhita. Tveimur rúmmálum af mögnumi sem inniheldur fimm einingar er bætt út í, blandað saman, borið á plötur og látið standa í 18 klukkustundir við 4°C. Mögnuminn skal títra í viðurvist mótefnavaka svo taka megi tillit til allra andmögnuðaráhrifa. Eftir að plötur hafa staðið við stofuhita í 15 mínútur til viðbótar er einu rúmmáli af næmum kindarauðkornum sem hefur verið þynnt í 3% bætt í. Blandað og ræktað við 37°C í 30 mínútur, blandað aftur eftir 15 mínútna ræktun. Ef plötur eru notaðar eru plötur settar í skilvindu í fimm mínútur við 1 500 snúninga á mínútu við 4°C.